



MENNINGARRÁÐ
EYPINGS

*Stefna í menningarmálum
á starfssvæði Eypings 2013-2020*

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Sveitarfélögin sem standa að stefnumótuninni og markmið hennar	4
3. Hlutverk stefnumótunar og afmörkun hennar	5
4. Aðferðafræði	5
5. Leiðarljós/framtíðarsýn (e. vision)	6
6. Markmið	7
7. Mögulegar leiðir	7

Útgefandi: Menningráð Eyþings 2013

Umsjón: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir

Hönnun: Aðalsteinn Svanur Sigfússon

Forsíðumynd: XXXXXXXXXXXX

Aðrar ljósmyndir: XXXXXXXXXXXX



1. Inngangur



Menningarráð Eyþings var stofnað árið 2004. Fyrsti menningarsamningur við ríkið var undirritaður í apríl 2007. Menningarráð Eyþings er samstarfsvettvangur sveitarfélaga á starfssvæði Eyþings í menningarmálum.

Stjórn Eyþings fól Menningarráði Eyþings að leiða gerð stefnumótunar í menningarmálum fyrir sveitarfélögin á starfssvæði Eyþings sem hluta af vinnu við svæðisbundna sóknaráætlun, enda skal sóknaráætlun landshluta byggja á stefnumörkun í einstökum málaflokkum.

Á árinu 2012 samþykkti Menningarráð Eyþings stefnumörkun fyrir starfssemi ráðsins, líkt og kveðið er á um í samningi mennta- og menningarmálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis (nú atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis) og Eyþings. Stefnumótun Menningarráðs Eyþings var unnin í samstarfi við dr. Hauk F. Hannesson, listrekstrarfræðing og byggir sameiginleg stefna sveitarfélaga í Eyþingi á afrakstri þeirrar vinnu.

Stefnumótun Menningarráðs Eyþings er ætlað að vera rammi um starf ráðsins og tryggja skilvirka starfsemi þess og stuðning við menningarlíf á starfssvæði Eyþings. Hlutverk hennar er að skilgreina hvernig ráðið ætlar sér að ná markmiðum menningarsamnings. Árið 2012 var flutt til menningarráðs fjármagn sem var á safnliðum fjárlaga auk verkefna sem þar voru. Gerður var viðaukasamningur við menningarsamning um þetta fjármagn. Ólíkt menningarsamningnum greiða sveitarfélögin ekki mótframlag með þessum fjármunum.

Sameiginlegri stefnu sveitarfélaganna í Eyþingi er ætlað að vera rammi um sameiginlega hagsmuni sveitarfélaganna sem og verkefni sem öll sveitarfélögin geta haft hagsmuni af og falla undir sóknaráætlun landshlutans. Sveitarfélögin á svæðinu höfðu aðkomu að gerð stefnumótunarinnar. Auk þess var litið til niðurstöðu vinnu samráðshóps svæðisbundinnar sóknaráætlunar.

2. Sveitarfélögin sem standa að stefnumótuninni og markmið hennar



Sveitarfélögin á starfssvæði Eypings eru þrettán: Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Svalbarðsstrandahreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit. Íbúafjöldi 1. janúar 2012 var 29.018 sem sundurliðast á eftirfarandi hátt:

Akureyri	17.875
Norðurþing	2.884
Fjallabyggð	2.035
Dalvíkurbyggð	1.900
Eyjafjarðarsveit	1.031
Hörgársveit	584
Svalbarðastrandahreppur	390
Grýtubakkahreppur	350
Skútustaðahreppur	385
Tjörneshreppur	55
Þingeyjarsveit	915
Svalbarðshreppur	102
Langanesbyggð	512
Samtals	29.018



Í stefnu Menningarráðs Eypings eru eftirtalin markmið skilgreind út frá 1. gr. samnings um samstarf ríkis og sveitarfélaga á svæði Eypings um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu:

- Efla samstarf á sviði menningarmála á svæðinu.
- Stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu.
- Fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista.
- Menningarstarfsemi styðji við ferðaþjónustu.

Stefna sveitarfélaga í Eypingi byggir á stefnu Menningarráðs Eypings og því eru þetta sameiginleg markmið stefnu menningarráðs og sveitarfélagana í Eypingi, auk þess sem í stefnu þessari eru sett fram fleiri markmið sem sjá má í sjötta kafla.

Stefna sú er hér birtist er lögð fram sem hluti af svæðisbundinni sóknaráætlun landshlutans. Sóknaráætlun landshluta hefur það hlutverk að móta framtíðarsýn og áætlun sem liggja skal til grundvallar við úthlutun opinbers fjármagns. Markmiðið er að einfalda og efla samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi, hagkvæmni, hlutlægni og skilvirkni við úthlutun og umsýslu fjárveitinga úr ríkissjóði sem ekki fara til lögbundinna verkefna í landshlutum.

3. Hlutverk stefnumótunar og afmörkun hennar



Sameiginleg stefnumótun sveitarfélaga í Eyþingi fyrir tímabilið 2013-2020 hefur það hlutverk að skilgreina nánar hvernig sveitarfélögin ætla sér að ná þeim sameiginlegu markmiðum sem sett eru fram í stefnunni.

Stefnumótunin afmarkast af sóknaráætlun landshlutans, menningarsamningi Eyþings við ríkið og samstarfssamningi sveitarfélaganna um menningarmál.

Hér kemur sjálfbærni hugtakið inn í myndina, líta þarf til möguleika verkefna um að vera sjálfbær til framtíðar.

Hlutverk stefnumótunar er að setja ramma og áætlun um sameiginlega hagsmuni sveitarfélaga á starfssvæði Eyþings og að vera hluti af sóknaráætlun landshlutans. Auk þess er henni ætlað að vera leiðbeinandi fyrir Menningarráð Eyþings og framkvæmdastjóra þess.

4. Aðferðafræði

Stefnumótunarhugtakið er vandmeðfarið og getur verið notað á margskonar mismunandi hátt. Stefnumótun getur þýtt allt frá fastmótaðri aðgerðaáætlun með ákveðnum mælanlegum markmiðum yfir í að vera lausleg yfirlýsing um styðjandi umhverfi þar sem sjálfsprottin stefna á sér stað fyrir áhrif framtaks einstaklinga, samtaka þeirra og/eða opinberra aðila.

Stefnumótun í menningarmálum er mun vandmeðfarnari en í mörgum öðrum málaflokkum þar sem menningarmál renna í farvegi sískaþandi og kvíks umhverfis, sem í samspili við ákveðna stefnu, skapar verðmæti og reynslu. Sá sem mótar stefnu í menningarmálum, í þessu tilfalli Menningarráð Eyþings fyrir sveitarfélög í Eyþingi, þarf stöðugt að hafa í huga hvenær stefnan styður við hið skapandi umhverfi og hvenær hún er stýrandi. Taka ber fram að stefna í menningarmálum getur bæði verið stýrandi og styðjandi á sama tíma, en varast ber að slík stefna verði eingöngu stýrandi þar sem hætt er við að menningarstarfsemi „láti ekki að stjórn“ og getur þá hið stefnumótandi afl orðið einangrað frá því umhverfi sem það vinnur í. Hið skapandi menningarumhverfi upplifir þá stefnumótunina sem skriffinnsku án tengsla við þarfir og væntingar veruleikans.

Aðferðafræði stefnumótunarinnar byggir fyrst og fremst á þeirri áherslu að vera hvati sköpunar í menningarmálum og ferðatengdri menningarstarfsemi/menningartengdri ferðapjónustu.

Menningarráð Eyþings lagði áherslu á aðkomu sveitarfélaganna að gerð stefnumótunarinnar. Sendur var út spurningalisti vorið 2012. Í lok árisins höfðu sjö sveitarfélög orðið við beiðni menningarráðs og sent inn svör. Þau eru: Fjallabyggð, Hörgársveit, Akureyrarbær, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Norðurþing og Svalbarðshreppur.



5. Leiðarljós/þramtíðarsýn (e. vision)

Leiðarljós sveitarfélaga í Eyþingi fyrir tímabilið 2013-2018 er eftirfarandi:

Samstarf – Sérstaða – Tengsl

Sveitarfélögin í Eyþingi sammælast um að efla samstarf á sviði menningarmála á Norðausturlandi, stuðla að nýsköpun, sjálfbærni og frumkvæði í þróttmiklum menningarverkefnum sem styðja mannlíf og atvinnu. Gæta þarf að sérstöðu og tengslum innan landshlutans svo og tengslum við aðra aðila innanlands og utan.

Nánari skýring á þeim hugtökum sem notuð eru í leiðarljósi sameiginlegrar stefnu sveitarfélaga:

Samstarf miðar að því að tengja saman staði, fólk og hugmyndir. Samstarfið getur þannig verið svæðisbundið eða þvert á staðsetningar, milli listgreina eða menningarheima, en einnig milli ólíkra aldurshópa og einstaklinga. Áhersla verður lögð á verkefni sem tengja Norðausturland þvert á hreppamörk og huglægar hindranir, og verkefni sem hvetja til samstarfs og samvinnu þeirra sem annars eru ekki vön að vinna saman.

Sérstaða er það sem greinir okkur frá öðrum, það sem er sérstakt og eftirtektarvert í fari okkar, menningu eða umhverfi. Sérstakt er þannig hvaðeina sem er með öðru móti hér en annars staðar – hvort sem það er upprunnið á þessum slóðum, eða hefur flust hingað og varðveist hér með sérstöku móti.

Tengsl eru öll þau samskipti innan landshlutans, við aðra aðila innanlands svo og við aðila erlendis sem nauðsynleg eru til að hugmyndir geti orðið að veruleika. Að fólk og hugmyndir tengist er forsenda sköpunar.



6. Markmið



Markmið sveitarfélaga í Eyþingi fyrir tímabilið 2013-2020 eru eftirfarandi:

- Efla samstarf og samvinnu á sviði menningarmála á svæðinu.
- Stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í listum og menningu.
- Fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista.
- Leggja áherslu á stuðning við sjálfstætt starfandi listamenn.
- Að sveitarfélög á starfssvæði Eyþings marki sér eigin stefnu í menningarmálum.
- Að stafræn tækni verði nýtt til að miðla menningu á svæðinu og styrkja tengsl innan svæðisins.
- Leggja rækt við menningarlega sérstöðu svæðisins.
- Marka sameiginlega safnastefnu á starfssvæði Eyþings.
- Standa saman að rekstri Menningarráðs Eyþings.
- Að menningarstarfsemi tengist atvinnusköpun og ferðapjónustu.

7. Mögulegar leiðir

Í stefnumótun er nauðsynlegt að taka stöðugt tillit til síkvíks umhverfis menningarlífs og sköpunar, hvort sem slík starfsemi er á sviði menningarmála eða ferðapjónustutengdrar menningar/menningarferðapjónustu.

Hér að neðan eru settar fram mögulegar leiðir til að ná fram áðurgreindum markmiðum. Hafa ber í huga að þetta eru ekki niðurnjörvaðar aðgerðaáætlanir heldur vörður stefnumótunar sem ætlað er að hæfa starfssemi sveitarfélaganna.

Efla samstarf og samvinnu á sviði menningarmála á svæðinu

- Unnið verði að gerð lista-slóðar (Art-trail) um starfssvæði Eyþings
- Haldið verði árlegt Leiðarþing þar sem fólk og hugmyndir eru tengd saman á forsendu hugmyndaflæðis og sköpunar
- Sveitarfélögin hvetji til notkunar stafrænnar tækni til miðlunar með það að markmiði að tengja saman aðila á svæðinu á forsendu miðlunar og sköpunar
- Sveitarfélögum verði gert mögulegt að vera þátttakandi í menningarsúpu sem haldin er annan hvern mánuð með það að markmiði að miðla upplýsingum og þekkingu um svæðið á stafrænan hátt

Stuðla að fjölbreytni og nýsköpun í listum og menningu

- Sveitarfélögin með þátttöku Menningarráð Eypings hvetji til aukinnar fjölbreytni og nýsköpunar í áherslum sínum í styrkveitingum
- Skapaður verði grundvöllur fyrir listafólk á svæðinu til að hittast og þróa nýjar hugmyndir sem auka á fjölbreytt menningarlíf

Fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista og leggja áherslu á stuðning við sjálfstætt starfandi listamenn

- Sveitarfélög hafi að leiðarljósi að ráða fagmenntað listafólk til þeirra starfa sem fyrir hendi eru og í þau störf sem mögulega skapast á sviði lista og menningar
- Sveitarfélög styðji við sjálfstætt starfandi listafólk eftir því sem tækifæri gefst til
- Sveitarfélög gæti þess við gerð stefnumótunar í menningarstarfi að skapa kringumstæður fyrir sjálfstætt starfandi listamenn til að vinna að listsköpun sinni
- Menningarráð Eypings með aðkomu sveitarfélaga vinni að þróunarverkefnum sem miða að því að styrkja ungt menntað fólk til listsköpunar á jaðarsvæðum.

Að sveitarfélög á starfssvæði Eypings marki sér eigin stefnu í menningarmálum

- Innan þriggja ára verði öll sveitarfélög á starfssvæði Eypings búin að setja sér stefnu í menningarmálum

Að stafræn tækni verði nýtt til að miðla menningu á svæðinu og styrkja tengsl innan svæðisins

- Sveitarfélög og Menningarráð Eypings leggi áherslu á að nýta sér stafræna tækni til að miðla fundum, ráðstefnum og öðrum upplýsingum um menningarmál

Leggja rækt við menningarlega sérstöðu svæðisins

- Sveitarfélög greini sérstöðu sína í tengslum við gerð stefnumótunar
- Sveitarfélögin hvetji til verkefna sem stuðla að aukinni vitund um sérstöðu svæðisins

Marka sameiginlega safnastefnu í Eypingi

- Sveitarfélögin setji sér sameiginlega stefnu í safnamálum (söfn, setur og sýningar)
- Stefnan feli í sér áherslur í uppbyggingu, skipulagi og þróun safnamála á svæðinu

Standa saman að rekstri Menningarráðs Eypings

- Sveitarfélögin leggi áfram fram fjármagn til reksturs ráðsins á móti ríkinu

Að menningarstarfsemi tengist atvinnusköpun og ferðaþjónustu

- Sveitarfélögin með aðkomu Menningarráð Eypings auki samstarf við Markaðsskrifstofu Norðurlands og atvinnupróunarfélög á svæðinu með það að markmiði að tengja betur saman listir og menningu við atvinnusköpun og ferðaþjónustu.

